



19. stjórnarfundur LH
26. nóvember 2021 kl. 12:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Siguroddur Pétursson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason úr varastjórn.

Fjarverandi: Ómar Ingi Ómarsson, Aníta Aradóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Blóðmerabúskapur

Stjórn FEIF gaf út yfirlýsingu, dags. 24. nóv., þar sem FEIF fordæmir slæma meðferð á hryssum við blóðtöku, styður við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að stöðva innflutning og framleiðslu á PMSG og styður allar aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stöðva blóðtöku úr hryssum á Íslandi.

Óskað var eftir að stjórnarmenn gerðu grein fyrir hvort þeir hefðu tengsl við eða hefðu hagsmuna að gæta gagnvart blóðbúskap. Tveir stjórnarmenn gerðu grein fyrir fjölskyldutengslum en þau tengsl hefðu ekki áhrif á afstöðu þeirra til málsins. Stjórn sammála um að fyrrgreind tengsl tveggja stjórnarmanna hefði ekki áhrif á hæfi þeirra.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða að gefa út yfirlýsingu þar sem LH tekur undir yfirlýsingu FEIF.

Fundi slitið kl. 13.00